



## Umsögn

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni:** *Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins um sálfélagslegt meðferðarúrræði fyrir fólk á hjúkrunarheimilum og í heimahúsum*

Á fundi borgarstjórnar þann 2. febrúar 2021 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins til meðferðar velferðarráðs:

*„Flokkur fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að stofna sálfélagslegt meðferðarúrræði fyrir eldri borgara sem búa á hjúkrunarheimilum eða í heimahúsi til að fyrirbyggja eða draga úr notkun geðlyfja. Kannanir sýna mikla notkun geðlyfja hjá öldruðum á Íslandi án þess að formleg geðgreining liggi fyrir. Ekki eru heldur skýr tengsl milli geðsjúkdómagreininga og geðlyfjanotkunar meðal íbúa hjúkrunarheimila. Notkun geðlyfja er oft nauðsynleg. Ef marka má gögn eru eldri borgunum þó gefin geðlyf án þess að greining liggi fyrir. Í Reykjavík eru engin skipulögð sálfélagsleg meðferðarúrræði til fyrir fólk á hjúkrunarheimilum. Oft er geðlyfjameðferð eina meðferðarúrræðið sem eldri borgurum býðst.“*

***Umsögn:***

Hjúkrunarheimili eru á ábyrgð ríkisins og fjármögnuð af ríkinu. Sjálfseignarstofnanir eru að langstærstu leyti rekstraraðilar hjúkrunarheimila hér á landi en auk þess rekur ríkið, fyrirtæki og sveitarfélög hjúkrunarheimili. Samningur er gerður milli rekstraraðila og Sjúkratrygginga Íslands um fjárframlög og fjármagni er ætlað að standa undir öllu því sem skilgreint er í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 um þjónustu hjúkrunarheimila s.s. hjúkrunar- og lækniþjónustu og endurhæfingu.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur eingöngu tvö hjúkrunarheimili, Droplaugarstaði og 20 manna hjúkrunardeild í Seljahlíð.

Að ofansögðu tekur umsögnin því fyrst og fremst mið af tillögunni hvað varðar sálfélagslegt meðferðarræði til handa eldri borgurum í heimahúsi sem velferðarsvið sinnir t.d. með heimþjónustu.

Velferðarsvið hefur ekki upplýsingar um geðgreiningar þeirra eldri borgara né annarra aldurshópa sem þiggja þjónustu sviðsins. Slíkar upplýsingar teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga og eru einungis aðgengilegar heilbrigðisstofnunum. Hins vegar hefur heimahjúkrun velferðarsviðs Reykjavíkurborgar aðgang að heilbrigðisupplýsingum í gegnum heilbrigðisgagnagrunn þann sem heimahjúkrun skráir sínar upplýsingar í, Sögu. Heimahjúkrun skráir einnig upplýsingar í Rai-hc gagnagrunn og þar er skimað fyrir t.d. depurð/þunglyndi. Allar þessar upplýsingar flokkast sem heilbrigðisupplýsingar og gilda ströng persónuverndarlög um meðferð þeirra. Velferðarsvið hefur því ekki upplýsingar um notkun geðlyfja hjá öldruðum í þjónustu sviðsins eða hvort formleg geðgreining liggi fyrir nema fyrir skjólstæðinga heimahjúkrunar .

Meðferðarræði eru að öllu jöfnu á ábyrgð ríkisins og hefur heilsugæslan síðustu ár ráðið til starfa sálfræðinga til að sinna meðferð barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra og fullorðinna 18 ára og eldri. Ekki liggur fyrir hvort aðkoma sálfræðinga þar verði í framtíðinni í aukinni þjónustu við eldri borgara.

Fjöldi eldri borgara sem velferðarsvið sinnir er talsverður. Um 3500 einstaklingar fá heimþjónustu árlega, um 2000 einstaklingar fá heimahjúkrun árlega og um 400 einstaklingar búa í þjónustuíbúðum á vegum sviðsins. Það er því ljóst að í þessum hópi eru einstaklingar sem hafa þörf fyrir og geta haft gagn af sálfélagslegri nálgun með skipulögðum hætti og mikilvægt væri að geta þjónustað þennan hóp mun betur en gert er í dag. Ekki eingöngu myndi slík þjónusta gagnast íbúanum sjálfum og aðstandendum hans heldur líka starfsfólki sviðsins sem þarf oft að horfa upp á vanlíðan skjólstæðings/notenda án þess að geta boðið upp á viðeigandi lausn. Starfsfólk þjónustumiðstöðva sem metur þörf eldri borgara fyrir þjónustu, starfsfólk sem sinnir eldri borgurum í heimahúsi, starfsfólk dagdvala og þjónustuíbúða greinir oft vanlíðan í störfum sínum með íbúa og telur þörf á að kalla til sérfræðinga sem geta unnið með tilfinningavanda eldri borgara.

Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á meiri sérhæfingu í þjónustu við eldri borgara og birtist það m.a. í nýgerðum samningi Reykjavíkurborgar við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur heimahjúkrunar. Með viðaukum við þann samning um fjölgun fagstétta í heimahjúkrun hefur áhersla verið á ráðningu ráðgjafa með þekkingu á fíkn og er nú lokið eða er að ljúka ráðningu ráðgjafa á öllum þremur heimþjónustueiningum sviðsins. Auk þess hefur sérhæfing í öldrunarráðgjöf byggst upp á þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis þar sem m.a. eini öldrunarsálfræðingurinn er staðsettur.

Það er mikilvægt að þessi sérhæfða ráðgjöf til stækkandi hóps eldri borgara geti vaxið á komandi árum með þeim sérfræðingum sem þegar hafa verið ráðnir vegna samnings um rekstur heimahjúkrunar eða með fjármagni frá Reykjavíkurborg. Mikilvægt er að hver heimþjónustubýggð (alls þrjár) hafi sitt sérfræðiteymi sem samanstæði t.d af ráðgjöfum með sérþekkingu á fíkn, félagsráðgjöfum með m.a. þekkingu á ofbeldi aldraðra, geðhjúkrunarfræðingum og öldrunarsálfræðingum. Slík teymi gætu tekið við beiðnum frá starfsfólki heimþjónustu, starfsfólki dagdvala og þjónustuíbúða og ráðgjöfum á þjónustumiðstöð. Vinna þeirra væri fólgin í ráðgjöf og stuðningsviðtölum,

mati á tilfinningalegum vanda og að aðstoða fólk við að fá enn sérhæfðari meðferð innan heilbrigðiskerfisins.

**Kostnaður:**

Með því að nýta þau stöðugildi sem þegar eru til staðar innan heimahjúkrunar og á þjónustmiðstöð Laugardals og Háaleitis þyrfti að ráða 2 sálfræðinga og 2 félagsráðgjafa og yrði kostnaðarhlutur Reykjavíkurborgar þá alls um 50 m.kr.